

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2016, föstudaginn 29. janúar, var haldinn 236. fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Kristín Soffía Jónsdóttir varaformaður stjórnar, Sigrún Edda Jónsdóttir (sat fund fram að 7. máli), Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Einar Birkir Einarsson, Theodór Kristjánsson, varafulltrúi Mosfellsbæjar og Gunnar Valur Gíslason (sat fund frá og með 4. máli). Fjarverandi: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Árangursmat stjórnar 2015.
2. Mannauðsmál.
3. Helstu niðurstöður farþegatalningar.
4. Gjaldskrá Strætó.
5. Fjölmíðlakönnun.
6. Markaðsmál - Ferðamannaleiðir.
7. Aðsend erindi.

Tekið fyrir:

1. Árangursmat stjórnar 2015

Í starfsreglum stjórnar Strætó er kveðið á um að stjórn skuli árlega meta störf sín, verklag og starfshætti svo og frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnar.

Niðurstöður árangursmats stjórnar, sem framkvæmt var í lok árs 2015, voru lagðar fram.

2. Mannauðsmál

MMR framkvæmdi vinnustaðagreiningu fyrir Strætó á tímabilinu janúar-febrúar 2015 og voru niðurstöður hennar kynntar fyrir stjórn í mars 2015. Í kjölfarið óskaði stjórn eftir ítarlegri niðurstöðum og aðgerðaáætlun frá stjórnendum Strætó.

Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætó, fór yfir helstu aðgerðir sem ráðist var í varðandi mannauðsmál Strætó í kjölfar vinnustaðagreiningar MMR, s.s. samvinnu og samskipti starfsfólks og stjórnenda, þjálfun og fræðslu sen snýr að eflingu liðsheildar og betri árangurs í starfi, starfsánægju og velferð starfsfólks.

Einnig voru stjórn kynntar áherslur í mannauðsmálum Strætó sem í gangi eru um þessar mundir. M.a. stendur til að gera aðra vinnustaðagreiningu og bera niðurstöður saman við niðurstöður fyrra árs. Þá er unnið að yfirferð starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu fyrirtækisins.

3. Helstu niðurstöður farþegatalningar

Framkvæmdastjóri kynnti helstu niðurstöður farþegatalningar sem framkvæmd var í október 2015. Fyrstu niðurstöður benda til að farþegum hafi fjölgað um 4% á milli 2014 og 2015.

Stefnt er að því að leggja fram lokaniðurstöður í febrúar 2016.

4. Gjaldskrá Strætó

Áframhaldandi umræða um gjaldskrá. Fyrir fundinum lá tillaga stjórnarformanns og varaformanns stjórnar að nýrri gjaldskrá Strætó, í samræmi við umræður á síðasta fundi stjórnar.

Samkvæmt tillögunni verður engin hækkun nú á verði árskorta fyrir börn á aldrinum 6-11 ára né heldur á verði árskorta fyrir ungmenni. Meðalhækkun gjaldskrár samkvæmt tillögunni er 3,6%. Áherslan verður áfram á að færa samskipti við viðskiptavinum Strætó úr hefðbundnum miðlum í átt að neti og stafrænum lausnum eins og mögulegt er.

Stjórn samþykkti framlagða tillögu að nýrri gjaldskrá Strætó og að ný gjaldskrá taki gildi þann 1. mars nk.

5. Fjölmiðlakönnun

Niðurstöður fjölmiðlakönnunnar Creditinfo fyrir árið 2015 lagðar fram.

6. Markaðsmál – Ferðamannaleiðir

Umræða um áherslur ársins 2016, m.a. hvernig ná megi til erlendra ferðamanna. Strætó missir markaðshlutdeild þegar fólk fer í frí yfir sumartímann en erlendum ferðamönnum fjölgar mikið á sama tíma. Sá hópur er því mikilvægur markhópur fyrir Strætó að nálgast.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra tilraunaverkefni sem felur í sér að markaðsetja sérstaklega leiðir 5, 12 og 14 með tilliti til erlendra ferðamanna sumarið 2016, m.a. með merkingum á ensku í vögnum. Áhersla verði lögð á að kynna eins og 3 daga kortin og Strætóappið til að ná til markhópsins.

7. Aðsend erindi:

- a) Erindi frá svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, dags. 26.01.2016, þar sem óskað er eftir því að stjórn Strætó eða fulltrúar hennar mæti á næsta fund nefndarinnar til viðræðna um ýmis verkefni sem tilgreind eru í nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og snerta markmið um breyttar ferðavenjur og fela í sér aukna samvinnu meðal sveitarfélaganna og Strætó. Þar er einkum litið til Borglínu og seinni hluta fjögurra ára þróunaráætlunar og hvaða sameiginlegu snertifletir eru á þessum verkefnum hjá svæðisskipulagsnefnd og stjórn Strætó. Stjórn samþykkir að verða við ósk svæðisskipulagsnefndar og munu þeir stjórnarmenn sem þess eiga kost ásamt framkvæmdastjóra sækja fund nefndarinnar þann 19. febrúar nk.
- b) Bréf frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, dags. 22.01.2016, þar sem kynnt er tillaga frá fulltrúum Framsóknar og flugvallarvina ásamt bókun velferðarráðs borgarinnar frá fundi velferðarráðs þann 14. janúar 2016. Samþykkt að vísa málinu til framkvæmdastjóra.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 12:50

Kristín Soffía Jónsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Sigrún Edda Jónsdóttir

Theodór Kristjánsson
Theódóra S. Þorsteinsdóttir
Einar Birkir Einarsson

Fylgiskjöl:

- Gjaldskrá Strætó 1. mars 2016.
- Kynning, mannauðsmál Strætó bs.
- Farþegatalning 2015, helstu niðurstöður